ECODIGITAL VERKEFNI

FRÉTTABRÉF | JANÚAR 2024

KYNNING Á ECODIGITAL NÁMSKRÁNNI: AÐ MÓTA SJÁLFBÆRA, STAFRÆNA FRAMTÍÐ FYRIR NEMENDUR

Á tímum stafrænnar væðingar er þörfin fyrir upplýsta og ábyrga nálgun á tækni mikilvægari en nokkru sinni fyrr. EcoDigital námskráin, sem nú er í þróun, er nýstárleg fræðsluáætlun sem er hönnuð til að mæta þessari þörf. Námskráin er fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla og miðar að því að upplýsa og virkja unga huga varðandi umhverfisáhrif stafrænnar væðingar. EcoDigital námsskráin mun nýtast vel þeim kennurum og námssamfélögum sem leitast við að samþætta sjálfbærni og stafrænt læsi. Meginmarkmið námskrárinnar er að styrkja þekkingu og færni nemenda sem nauðsynleg er til að stuðla, á jákvæðan hátt, að sjálfbærri stafrænni framtíð. EcoDigital námskráin samanstendur af námsefni sem miðar að því að samþætta kennsluhætti er varðar stafræna menntun og samanstendur af eftirfarandi einingum:

Eining 1 - Stafræn væðing er óaðskiljanlegur hluti af daglegu lífi okkar. Þessi eining inniheldur kynningarefni um stafræna væðingu, hinar ýmsu birtingarmyndir hennar og hversu mikill hluti hún er af okkar daglega lífi.

Eining 2 - Skýið: Hvað er það og hvað felur það í sér? Þessi eining inniheldur örlítið tæknilega útskýringu á skýinu og notkun internetsins, sem eykur skilning og þekkingu nemenda á skýinu.
.

Eining 3 - Skýið og verkfæri: Þessi eining inniheldur ýmsar hugmyndir um þau verkfæri sem skýið býður upp á og nemendur geta nýtt sér til að þróa stafræna færni sína.

Eining 4 - Umhverfisáhrif stafrænnar væðingar. Þessi eining inniheldur ítarlegar upplýsingar og gögn um þá umhverfismengun sem myndast af stafrænum úrgangi.

Eining 5 - Stafræn fótspor. Þessi eining inniheldur hagnýtar leiðir og upplýsingar fyrir nemendur til að mæla og draga úr umhverfisáhrifum sem skapast við notkun stafrænnar þjónustu.

Eining 6 - Actívismi og Larping fyrir sjálfbæra stafræna væðingu. Þessi eining inniheldur tvenns konar fræðsluefni. Í fyrsta lagi kynning sem byggir á aktívisma, nánar tiltekið umhverfisaktívisma. Í öðru lagi kynning á skapandi námi í gegnum hlutverkaleik (larping).

Co-funded by the European Union

EcoDigital is an Erasmus+ project
Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

[Project number: 2022-1-IS01-KA220-SCH-000086751]